

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 268/1994.

Jóhanna Tryggvadóttir

Evrópuferðir og

Jónas Bjarnason

(sjálf)

gegn

Sparisjóði Hafnarfjarðar

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Víxilmál. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1994. Endanlegar kröfur þeirra eru þær, að „hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur“ og stefnda gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var skriflega flutt eftir ákvörðun Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. mgr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 15. gr. laga nr. 38/1994.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað, en áfrýjendur verða dæmd í sameiningu til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Jóhanna Tryggvadóttir, Evrópuferðir og Jónas Bjarnason, greiði í sameiningu stefnda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. maí 1994.

Mál þetta er höfðað af Sparisjóði Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 1. nóvember 1993, á hendur Jóhönnu Tryggvadóttur, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, persónulega og f. h. einkafirma hennar, Evrópuferða, kt. 470984-1049, Klapparstíg 27, Reykjavík, og Jónasi Bjarnasyni, kt. 161122-2119, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði. Málið var dómtekið í gær.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu 2.196.073 króna með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 10. nóvember 1993 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður.

Í málinu hafa gengið tveir úrskurðir undir rekstri þess, hinn fyrri 24. febrúar 1994, staðfestur í Hæstarétti 23. mars sl., og hinn síðari 11. apríl sl., staðfestur í Hæstarétti 18. maí sl.

Mál þetta er rekið sem víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 19/1991. Kröfur stefnanda byggjast á víxli, að fjárhæð 2.196.073 kr., samþykktum af stefndu, Jóhönnu, til greiðslu í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Hann er út gefinn af Evrópuferðum og ábektur af stefnda, Jónasi. Víxillinn er áritaður „án afsagnar“ og var settur til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi nr. 3640 við Sparisjód Hafnarfjarðar. Stefnandi útfyllti víxilinn, hvað varðar útgáfudag og fjárhæð, og var hann sýndur til greiðslu 10. nóvember 1993.

Varnir stefndu eru studdar því, að víxillinn sé fyrndur skv. 70. gr. víxillaga. Víxillinn hafi í raun verið keyptur 9. apríl 1990, og þá hafi átt að skrá útgáfudag hans. Ótækt sé að lengja gildistíma víxla með því að láta þá liggja óútfyllta árum saman til að viðhalda ábyrgð. Þá vísa stefndu einnig til þess, að ekki hafi verið réttilega að skuldfærslum á yfirdráttarreikningnum staðið. Komi þar til bæði mistök starfsmanna stefnanda og rangar og óréttmæt- ar aðgerðir starfsmanna Evrópuferða.

Stefnandi styður mál sitt víxli, sem hann hefur löglega undir höndum og fullnægir formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933. Víxillinn fyllti hann út með heimild í 10. gr. víxillaga. Með því að afhenda víxilinn óútfylltan að hluta gáfu stefndu víxilhafa umboð til að fylla í eyðuna. Sú málsástæða, að víxillinn hafi verið útfylltur andstætt heimild, er málsástæða, sem varðar viðskiptin á bak við víxilinn og kemst ekki að í málinu.

Miða ber fyrningu við útgáfudag, sem var 27. október 1993, og telst víxillinn því ekki fyrndur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu

leyti. Stefndu greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jóhanna Tryggvadóttir persónulega og f. h. Evrópuferða og Jónas Bjarnason, greiði stefnanda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, in solidum 2.196.073 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. nóvember 1993 til greiðsludags og 200.000 kr. í málskostnað.
